



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Blönduósi 2. sept., 2019.

Tilvísun í mál: SRN18020072

Athugasemdir við Grænbók – drög að flugstefnu fyrir Ísland

Með vísan í ofangreint málanúmer, og tölvupóstsamskipti við Jónas Birgir Jónasson, lögfræðing hjá ráðuneytinu, þá sendir undirritaður hér með stuttar athugasemdir við Grænbók – drög að flugstefnu fyrir Ísland, f.h. sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Á 144. fundi byggðaráðs Blönduósbæjar, sem haldinn var 22. ágúst 2019, var 10. liður á dagskrá: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið – Grænbók um flugstefnu fyrir Ísland – 1908021**. Undir þessum lið var eftirfarandi bókað í fundargerð ráðsins.

“Sveitarstjóra falið að skila inn umsögn, fyrir framlengdan frest sem er til 2. sept '19., um flugstefnu fyrir Ísland, þar sem vakin er athygli á stöðu Blönduósflugvallar, vegna sjúkraflugs og annarar notkunnar. Um Blönduós og nágrannasveitarfélög liggur þjóðvegur nr 1., með tugi kílómetra innan sveitarfélaganna og þar fara vel yfir 700 þúsund bílar á ári hverju, með tilheyrandi slyshættu, sem aftur kallar á viðeigandi öryggisviðbragð fyrir íbúa, ferðamenn og aðra þá er fara um NV-land”

Sveitarstjórn Blönduósbæjar vill einkum vekja athygli á tveimur þáttum sem skipta máli fyrir sveitarfélög í Húnavatnssýslum (bæði vestur og austur) að um þessar sýslur þá liggur tæplega 150 km. af þjóðvegi nr.1, með umferð í gegnum svæðið sem er vel yfir 700 þúsund bílar á ári hverju, auk umferðar og atvinnureksturs innan sýslanna. Mikilvægt er að Blönduósflugvelli verði áfram haldið við sem sjúkraflugvelli, með tilheyrandi lágmarksbúnaði og aðstöðu, en einnig til annarar notkunnar sem hefur verið vaxandi að undanfögnu, með auknum umsvifum og uppbyggingu á svæðinu.

Nýlega lét ISAVIA gera úttekt á flugvöllum, eins og öðrum flugvöllum á landinu, en ekki liggur enn fyrir hvað þarf að gera til þess að halda honum við, sem viðbragð við slysum, bæði fyrir sjúkraflugvélar sem og fyrir þyrlur sem nú eru oftast kallaðar til. Þá má áréttast að á Blönduósi eru öflug heilbrigðisstofnun, með sjúkraflutningum, sem hluti að HSN, slökkvilið, björgunarsveit, og annar viðbúnaðar til að sinna slysum ofl.þh.



Einnig vill sveitarstjórn Blönduós bæjar, vekja athygli á því að sú uppbygging, sem orðið hefur á síðustu árum í ferðaþjónustu, m.a. með beinu millilandaflugi til Akureyrar, hefur haft áhrif á uppbygging ferðaþjónustu í Húnavatnssýslum, þar með talið á Blönduósi, og er lítið á frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu sem einn að þeim þáttum sem getur staðið undir aukinni flölbreytni í atvinnulífi svæðisins.

Það hefur lengi verið kallað eftir, af landsbyggðinni, fleiri “gáttum” inní landið, og hafa varaflugvellirnir á Akureyri og Egilstöðum verið nefndir í því sambandi, en reynsla millilandaflugs til Akureyrar hefur með beinum hætti haft áhrif á rekstur ferðaþjónustu á Blönduósi, og nágrenni, og því æskilegt að sú þróun haldi áfram.

Að öðru leyti vill sveitarstjórn Blönduós bæjar taka undir umsögn, dagsetta 30. ágúst, frá Markaðsstofu Norðurlands, “Athugasemdir við Grænbók – drög að flugstefnu fyrir Ísland”, en Blönduós bær er aðili að MN, í gegnum landshlutasamtökin SSNV.

Að lokum er því fagnað að gerð sé “Flugstefna fyrir Ísland” en jafnframt góðfúslega bent á að hún þarf að taka mið af þörfum allra landsmanna, og aðstöðu eða skort á henni víða um land, en ekki miðast eingöngu við höfuðborgarsvæðið, eða flugvöll í Keflavík, sem vissulega er alþjóðaflugvöllur og er með mesta starfsemi á þessu sviði.

Ofanritað staðfestist hér með,

Valdimar O Hermannsson

Sveitarstjóri Blönduós bæjar